

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Akureyrarbæ.

Breyting á deiliskipulagi fyrir Sjúkrahúsið á Akureyri.

Bæjarráð Akureyrarbæjar samþykkti 21. ágúst 2025 breytingu á deiliskipulagi fyrir Sjúkrahúsið á Akureyri.

Breytingin felur í sér að lóðin minnkar úr 77.690 m² í 72.593 m² en það hefur í för með sér breytingar á lóðarmörkum meðfram Búðartröð sunnanverðri, Þórunnarstræti og Lystigarðinum. Þá eru gerðar breytingar á byggingarreit og bílastæðum á lóðinni þar sem að megin byggingarreitur færast úr því að ná yfir svæði beggja vegna Búðartraðar í að vera einungis austan Búðartraðar og öll bílastæði færast vestur fyrir Búðartröð.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

Breyting á deiliskipulagi fyrir suðurhluta Oddeyrar.

Skipulagsráð Akureyrarbæjar samþykkti 10. júlí 2025 breytingu á deiliskipulagi fyrir suðurhluta Oddeyrar.

Breytingin tekur til Eiðsvallagötu 28 og felur í sér að heimilt verður að skipta húsinu upp í tvær íbúðir.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 2. mgr. 43. gr. og var grenndarkynnt skv. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

Breyting á deiliskipulagi fyrir Naustahverfi, 3. áfanga, Hagahverfi.

Skipulagsráð Akureyrarbæjar samþykkti 10. september 2025 breytingu á deiliskipulagi fyrir Naustahverfi, 3. áfanga, Hagahverfi.

Breytingin tekur til Naustagötu 6 og felur í sér að byggingarreitur aðalbyggingar er lengdur um 7 metra til vesturs og suðvesturmörkum er breytt lítillaga.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

Akureyri, 11. september 2025.

F.h. Akureyrarbæjar,

Rebekka Rut Þórhallsdóttir, fulltrúi skipulags- og byggingarmála.

B deild - Útgáfudagur: 25. september 2025